

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

12. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, mánudaginn, 16.júní 2008 kl. 13.45.

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson.

Hafnarfjörður:

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson.

Mosfellsbær: Haraldur Sverrisson, Finnur Birgisson.

Seltjarnarnes: Ólafur Egilsson

Álftanes: Kristinn Guðlaugsson.

Kjósarhreppur: Sigurbjörn Hjaltason og Guðmundur Davíðsson

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Hafdís Hafliðadóttir

Auk þess sátu fundinn: Smári Smárason og Birgir H. Sigurðsson, Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ og Haraldur Sigurðsson sem ritaði fundargerð.

Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. **Fundargerð 11. fundar frá 19. maí sl.** Fundargerðin var lögð fram og samþykkt.
2. **Afgreiðsla á tillögu að breyttu svæðisskipulagi Vatnsendahlíð-Þing í Kópavogi.** Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á svæðisskipulaginu, Vatnsendahlíð (dagsett 9. júní 2008), ásamt umsögn Almennu Verkfræðistofunnar, - "Vatnsendahlíð-Veruleg breyting á svæðisskipulag. Tillaga að umsögn um innsendar athugasemdir. Unnið af Almennu verkfræðistofunni fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Yfirfarið af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen", - dagsett júní 2008. Fulltrúar Kópavogs fóru yfir málið og gerðu grein fyrir viðræðum við Garðabæ um einstök atriði í tillögunni. Fulltrúar Kópavogs lögðu fram bréf dagsett 16. júní, með tillögu að bókun.
Breytingartillagan samþykkt sbr. 13. gr. 3. mgr. Í samræmi við það sendir samvinnunefnd tillöguna, ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær, til sveitarstjórnanna. Sveitarstjórnirar hafa sex vikur til að taka afstöðu til tillögunnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana. Vegna þessa er boðað til fundar í samvinnunefndinni á ný þann 11. ágúst nk.
[Athugasemd fundarritara: Að loknum fundinum var farið betur yfir málsmeðferðina, sbr. ósk formanns. Niðurstaðan er sú að rétt er að vísa til 3. mgr. 13. gr á þessu stigi. Þessi lagfæring á bókun er gerð í samráði við fulltrúa Kópavogs og formann samvinnunefndar].
3. **Tvöföldun Suðurlandsvegar- ósk um breytingu á svæðisskipulagi.** Gögn frá Línuhönnun lögð fram að nýju. Tillaga að óverulegri breytingu á svæðisskipulagi (dagsett 11. júní 2008), ásamt matslýsingu vegna umhverfismats (dagsett 19. maí 2008). Tillagan verður lögð fram á ný þegar umhverfisskýrsla liggur fyrir og afgreidd sbr. 14. gr. 2. mgr. Afgreiðslu málsins frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.15.